

REGLUR UM HEILSUEFLINGARSTYRK

Akraneskaupstaður stuðlar að heilsueflingu starfsfólks sveitarfélagsins með því að styrkja þau sem vilja stunda reglubundna líkamsrækt í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar með árlegu fjárframlagi sem nemur sömu upphæð og árskort í sund kostar á hverjum tíma, sjá gjaldskrá á www.akranes.is.

Greiðslan er miðuð við fullt starf og hlutfallslega miðuð við starfshlutfall, þó þannig að einungis fastráðið starfsfólk Akraneskaupstaðar í 33% starfshlutfalli og hærra á rétt á heilsueflingarstyrk.

Starfsfólk getur sótt um styrk með því að fylla út rafræna umsókn á www.akranes.is og þarf að láta kvittun fyrir greiðslu árskorts í sund fylgja með umsókninni.

Greiðsla heilsueflingarstyrks kemur til greiðsu í næstu launakeyrslu hjá Akraneskaupstað. Umsóknin, með afriti af kvittun, þarf að hafa borist fyrir 25. hvers mánaðar til að styrkurinn greiðist mánaðarmótin á eftir.

Heilsueflingarstyrkurinn er eingöngu ætlað fyrir starfsfólk og er óheimilt að framvísa árskortum til annarra.

Samþykkt í bæjarráði þann 16. janúar 2025

F.h. Akraneskaupstaðar



Haraldur Benediktsson
Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri